



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjastofnun Íslands

Ársskýrsla 2022



Ljósmynd á forsíðu:

Þuríður Elísa Harðardóttir, minjavörður Austurlands, fagnar verklokum við Fjárborg í Mjóafirði
Ljósmyndari: Rúnar Matthíasarson

© 2024

Minjastofnun Íslands
Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Íslands
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Ísland
(+354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Ritstjórn:
Agnes Stefánsdóttir
Ómar Valur Jónasson
Margrét Valmundsdóttir
Sólrun Inga Traustadóttir

Ábyrgðarmaður:
Rúnar Leifsson

ISSN 2547-6475

Efnisyfirlit

Kveðja forstöðumanns	4
Um stofnunina	7
Mannauðsmál.....	7
Starfsmannaferðir	7
Ráðgefandi nefndir og minjaráð	8
Fornminjanefnd	8
Húsafriðunarnefnd	9
Minjaráð.....	9
Stefnumótunarvinna.....	10
Grænu skrefin	10
Lagabreyting	10
Samstarf við Vatnajökulsþjóðgarð	10
Málafjöldi og viðfangsefni.....	11
Fjöldi mála.....	11
Fjölbreytt viðfangsefni.....	12
Rannsóknir og miðlun	15
Rannsóknir á menningarminjum	15
Skráning menningarminja	16
Hús og mannvirki	16
Fornleifar.....	17
Miðlun.....	18
Útgáfa.....	18
Samfélagsmiðlar og heimasíða.....	18
Námskeið.....	19
Ráðstefnur, erindi og fundir.....	19
Innviðauppygging á ferðamannastöðum.....	20
Verndun og friðlýsingar	21
Friðlýsingar	21
Tillögur að friðlýsingum	21
Skrúður á Núpi í Dýrafirði.....	21
Laugarnes í Reykjavík.....	21
Verndarsvæði í byggð	21
Inn- og útflutningur menningarminja.....	22
Samstarfsverkefni.....	23
Innlent samstarf.....	23
Alþjóðlegt samstarf.....	24

Minjasvæði.....	26
Reykjavík og nágrenni	26
Reykjanes	27
Vesturland	29
Vestfirðir.....	30
Norðurland vestra.....	31
Norðurland eystra.....	32
Austurland.....	33
Suðurland	35
Úthlutanir úr sjóðum	37
Fornminjasjóður	37
Húsafriðunarsjóður	38
Fjármál	39
Minjastofnun Íslands – rekstrarreikningur	39
Fornminjasjóður – rekstrarreikningur.....	40
Húsafriðunarsjóður – rekstrarreikningur	41

Kveðja forstöðumanns

Á tíunda starfsári Minjastofnunar Íslands er ástæða til að líta til baka og velta fyrir sér þáttum úr sögu stofnunarinnar. Hvað gekk vel? Hvað mátti gera betur? Hvað þarf til að ríkisstofnanir geti sinnt lögbundnum verkefnum sínum með sóma?

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru lögbundnir málaflokkar Minjastofnunar mjög fjölbreyttir. Verkefni stofnunarinnar eru þverfagleg, m.a. á mörkum menningar og umhverfis. Minjastofnun Íslands er þó fyrst og fremst menningarstofnun, með lögbundnar skyldur gagnvart öðrum menningarstofnunum og íslenski menningu.

Málaflokkum hinnar nýju stofnunar var, fyrir 2013, sinnt af Fornleifavernd ríkisins, Húsafriðunarnefnd ríkisins, mennta- og menningarmálaráðuneyti og Safnaráði. Um var að ræða stjórnýsluverkefni, fyrst og fremst leyfisveitingar, eftirlit, stefnumótun, staðlagerð, umsagnir og stuðning við rannsókn- og viðhaldsverkefni með styrkveitingum. Innan hvers málaflokks voru fjölbreytt og tímafrek verkefni m.a. vegna umsagna í tengslum við skipulagsmál og umhverfismat, viðhalds byggingararfs, uppbyggingar og miðlunar um fornleifaarfinn og vernd minja sem voru í hættu vegna náttúruvár og ýmiss konar framkvæmda. Meðal verkefnanna var að tryggja að gripum og gögnum úr fornleifarannsóknum væri skilað inn til Þjóðminjasafns Íslands innan tilskilinna tímamarka, en safnið er m.a. varðveislustofnun á sviði minjaverndar.

Stofnunin stýrir málaflokknum og ber m.a. að tryggja að fornleifauppgröftur, fornleifaskráning og viðhald byggingararfsins séu unnin í samræmi við lög, reglugerðir og staðla. Sér til aðstoðar hefur stofnunin ráðgjafarnefndirnar fornminja- og húsafriðunarnefnd og átta minjaráð sem eru dreifð um allt land. Stofnunin fer með umsýslu fornminja- og húsafriðunarsjóða og nýtur aðstoðar nefndanna við að meta umsóknir í sjóðina og forgangsraða þeim.

Stofnunin er ekki einungis málsvari byggingararfs og fornleifa heldur ná leyfisveitingar hennar einnig til forngripa, listmuna, bóka og fleiri minjaflokka sem vilji er til að flytja úr landi vegna búsetu erlendis, uppboða eða sérhæfðra rannsókna sem ekki er unnt að gera hérlendis. Lögin frá 2012 hafa reynst vel, þótt ekki séu þau hnökralaus og þarfnast einstakar greinar breytinga.

Skilaboð mennta- og menningarmálaráðuneytis árið 2013 voru að haldið yrði betur utan um stofnunina en forvera hennar og hún yrði studd til góðra verka. Sú varð ekki raunin og má að hluta rekja það til flutnings stofnunarinnar á milli ráðuneyta. Í ráðuneyti skólamála, íþróttá, lista og safna var hart barist um fjármagn og þar var litlu varið til að sinna fjárhagsþörfum stofnunarinnar. Minjaverndin naut ekki sama velvilja hjá yfirvöldum og náttúruvernd, sem var í vexti á þessum árum. Á sama tíma og hundruðum milljóna var veitt til stofnana á sviði náttúruverndar og nýjar slíkar stofnanir voru settar á stofn var lítið gert fyrir minjaverndina, eins og kemur skýrt fram í skýrslu um [fjármál og starfsemi Minjastofnunar Íslands](#) frá nóvember 2020.

Grundvöllur þess að stofnun geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu er að henni sé veitt viðunandi fjármagn til þess. Ekki var tekið tillit til fjárhagsþarfa nýju stofnunarinnar sem voru kynntar í greinargerð Fornleifaverndar ríkisins 2012, nokkru áður en Minjastofnun hóf störf. Yfirvöld horfðu fram hjá að þau höfðu ýtt lekum bát úr vör og héldu forstöðumaður og fjármálastjóri honum á floti með því að finna matarholur í Evrópuverkefnum, hjá Innviðasjóði til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, Þjóðkirkjunni og Byggðastofnun. Allan þennan tíma fékkst ekki fast fjármagn til mikilvægasta grunnverkefnis minjavörslunnar,



Dr. Kristín Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður Minjastofnunar
Íslands.

Þ.e. vettvangsskráningar minja landsins, þrátt fyrir fjölda fjárhagsbeiðna þar sem skýrt var fjárhagslegt og menningarlegt mikilvægi verkefnisins fyrir íslenskt samfélag. Það sem gerir málið alvarlegra er að merkar minjar um sögu landsins eru óskráðar og staðsetning þeirra ókunn. Þær liggja undir skemmdum og eiga á hættu að glatast að fullu vegna vanþekkingar framkvæmdaaðila og náttúruvár.

Öll árin tíu einkenndust af stöðugri breytinga- og áfallastjórnun, undirmönnun og miklu álagi.

Það hefur dregið úr slagkrafti málaflokksins að einungis 14 starfsmenn héldu starfseminni gangandi fyrsta árið og flest árin voru þeir færri en 20. Það sem keyrði stofnunina áfram var einstakur mannauður hennar, hugsjónafolk sem sinni fjölda verkefna langt umfram það sem hægt var að ætlast til af þeim.

Sú umræða kemur ítrekað upp að ríkisstarfsmenn séu of margir. Þetta á ekki við í tilfalli Minjastofnunar.

Í maí 2013 var Minjastofnun flutt úr mennta- og menningarmálaráðuneyti í forsætisráðuneyti. Þar var áhersla á vernd byggingararfs og skipulagsmál. Fljótlega varð ljóst að þar væri vilji til að leggja Minjastofnun niður, færa húsvernd og mál tengd skipulagi inn í ráðuneytið en málefni fornminja í nýja Þjóðminjastofnun ásamt Þjóðminjasafni Íslands. Ekki varð af sameiningu og árið 2017 var Minjastofnun Íslands flutt aftur í mennta- og menningarmálaráðuneyti. Þar var hún til 2022 þegar hún var flutt í umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneyti. Inn á milli komu ný lög um verndarsvæði í byggð árið 2015, aukið álag vegna friðlýsingaáttaks umhverfisráðuneytis sem hafði veruleg áhrif á starfsemi Minjastofnunar á árunum 2017–2022, verkefni vegna aukinnar ferðaþjónustu, skriðuföll á Seyðisfirði, jarðskjálftar og eldgos á Reykjanesi og covid. Árin 2016–2018 fór mikill tími stjórnenda í að svara spurningum Ríkisendurskoðunar vegna úttektar á fornleifavernd á Íslandi. Þá komu upp nokkur lögfræðimál vegna óánægju með ákvarðanir stofnunarinnar vegna húsverndar, skipulagsmála, aldursfriðunar og friðlýsinga.

Ráðuneyti létu vinna ýmiss konar stefnumótun sem snertu starfsemi Minjastofnunar án þess að hún ætti beina aðkomu að vinnunni. Þannig hafði hún ekki aðkomu að Landsskipulagsstefnu, né að Rammaáætlun um tíma, og Minjastofnun og verkefni hennar gleymdust í samstarfssamningi ríkisstjórnarinnar 2017, enda var stofnunin þá á milli ráðuneyta og hafði enga fulltrúa sem gættu hagsmuna hennar innan ráðuneytanna. Þar voru lagðar áherslur á umfangsmikil verkefni án þess að hugmyndasmiðirnir virtust átta sig á áhrifum ákvarðananna. Þannig jókst vinnuálag starfsfólks Minjastofnunar verulega vegna friðlýsingaáttaks umhverfis- og auðlindaráðuneytis upp úr 2017. Veitt var verulegu fjármagni til Umhverfisstofnunar með tilheyrandi fjölgun starfsfólks, en Minjastofnun fékk ekki eina krónu þótt bent væri á þennan ójöfnuð. Lausn Minjastofnunar var að reynslumikið starfsfolk tók á sig tvöfalda vinnu til að sinna friðlýsingaverkefnum vegna átaks náttúruverndarinnar. Þeim var gefinn kostur á að taka aukavinnu út í fríi, sem reyndist erfitt að finna tíma fyrir.

Skömmu eftir að Minjastofnun var færð undir umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneyti 2022 var ljóst að stefnt væri að því að sameina stofnunina þjóðgördum og náttúruverndarsviði Umhverfisstofnunar. Rödd og hugmyndir Minjastofnunar Íslands um hagræðingu náðu ekki eyrum ráðuneytisins. Ekki var heldur hlustað á rökstuðning Minjastofnunar um stjórnsýsluhlutverk stofnunarinnar og að hún væri hvorki þjónustustofnun né í rekstri eins og þjóðgarðar og Umhverfisstofnun að hluta.

Fámenni var meðal röksemda yfirvalda til að leggja niður Minjastofnun niður í núverandi mynd og gera hana að litlu sviði í stórri náttúruverndarstofnun. Fámenni Minjastofnunar byggir á ójöfnuði í fjárveitingum til ríkisstofnana sem hefur viðgengist lengi og vísað er til í fyrrnefndri skýrslu frá 2020.

Það var góð og gild ástæða fyrir því að stjórnýsla minjavörslu var skilin frá Þjóðminjasafni Íslands árið 2001, en þar hafði hún verið frá 1907. Einkavæðing og samkeppni jókst meðal fornleifafræðinga á tíunda áratug liðinnar aldar og sjálfstætt starfandi arkitektar og iðnaðarmenn sinntu viðhaldi byggingararfsins. Þjóðminjasafn Íslands var báðum megin við borðið, tók stjórnýsluákvæðanir um skyldur framkvæmdaaðila til fornleifaskráningar og sinnti fornleifarannsóknnum vegna skipulagsmála og framkvæmda. Í sumum tilfellum tók safnið verkefni að sér og gat boðið hagstæðari kjör en sjálfstætt starfandi sérfræðingar. Þetta var ekki ásættanlegt út frá samkeppnislögum og var tekin ákvörðun um að kljúfa stjórnýslu menningarminja frá Þjóðminjasafninu. Sama staða mun koma upp ef Minjastofnun verður hluti af Náttúruverndar- og minjastofnun og tekur ákvæðanir um verkefni innan þjóðgarða, framkvæmir þau og hefur eftirlit með þeim.

Það er vont mál þegar ákveðið er að sameina stofnanir einungis til að fækka þeim. Það er enn verra þegar tekin er ákvörðun um að veikja eftirlits- og leyfisstofnanir, eins og ljóst er af fjölda mála tengdum íslenskum byggingum. Það er óskiljanlegt þegar yfirvöld halda fram að þau geti eftir undirmannaða stofnun með því að sameina hana stofnunum sem byggja á annars konar hugmyndafræði og starfsháttum. Hlutverk stofnana sem á að sameina verða að fara saman. Minjastofnun Íslands er ekki þjónustu- og rekstrarstofnun eins og þær sem stefnt er á að hún sameinist. Starfsfólk Minjastofnunar stundar ekki fornleifauppgröft, fornleifaskráningu eða viðgerðir og viðhald á fornleifum og byggingararfi. Það tekur ákvæðanir um slík verkefni og umfang þeirra. Minjastofnun Íslands er eina stjórnýslustofnun minjavörslu á Íslandi. Aðrar stofnanir sem sinna menningararfi eru fyrst og fremst rannsókn- og vörslustofnanir með miðlunarhlutverk.

Það er von mín að komið verði í veg fyrir það stórslys að menningarstofnunin Minjastofnun Íslands verði lögð niður og endi sem svið í einhvers konar náttúrustofnun. Það er ekki hægt að rökstyðja og réttlæta af hverju Íslendingar geta ekki rekið stjórnýslustofnun sem sinnir minjavernd út frá forsendum minjaverndar, rétt eins og aðrar siðmenntaðar Evrópuþjóðir þar sem minja- og náttúruvernd er ekki innan sömu stofnunar, enda málaflokkarnir ólíkir. Það er mikilvægt fyrir minjavernd á Íslandi að fallið verði frá þeim áformum að gleypa Minjastofnun inn í náttúruverndina. Það er eðlilegt að horft verði til meginþátta starfsemi Minjastofnunar og hún flutt í sitt náttúrulega umhverfi með öðrum menningarstofnunum sem nú er í menningar- og viðskiptaráðuneyti. Menning er mikilvæg og stofnunin verður að fá tækifæri til að eflast og þróast út frá forsendum og hugmyndafræði minjaverndar og undir stjórn fólks með þekkingu á þeim málaflokkum sem hún fæst við. Annað er þjóðinni til skammar.



Dr. Kristín Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður

Um stofnunina

Minjastofnun Íslands var ein þeirra ríkisstofnana sem fluttist um set í nýtt ráðuneyti á árinu 2022. Þann 1. febrúar fór stofnunin úr mennta- og menningarmálaráðuneyti yfir í ráðuneyti umhverfis-, orku- og loftlagsmála.

Stuttu eftir að Minjastofnun var færð undir umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneyti var ljóst að stefnt væri að því að sameina stofnunina þjóðgörðum og náttúruverndarsviði Umhverfisstofnunar.

Mannauðsmál

Alma Sigurðardóttir, arkitekt, hóf störf í byrjun árs við afleysingar fyrir Maríu Gísladóttir, arkitekt, sem fór í barneignarleyfi.

Verkefnaráðningar Sólrúnar Ingu Traustadóttur, Ingu Sóleyjar Kristjónudóttur, Margrétar Valmundsdóttur og Ómars Vals Jónassonar voru framlengdar ótímabundið í október 2022. Ómar Valur fór einnig í barneignarleyfi á árinu.

Gísli Óskarsson, lögfræðingur, var ráðinn inn tímabundið sem lögfræðingur stofnunarinnar í maí 2022 en gengið var frá fastraráðningu við hann í október 2022.

Starfsmannaferðir

Dagana 31. ágúst – 4. september var þorri starfsmanna Minjastofnunar í kynnisferð í Róm á Ítalíu. Tilgangur slíkra kynnisferða er að fræðast um starfsemi fagstofnana og annarra tengdra aðila og kynnast áskorunum, lausnum og verkefnum sem nýst geta í starfi stofnunarinnar.

Fyrsta kvöldið var farið í gönguferð undir leiðsögn Ingólfs Nielsar Árnasonar þar sem mörg helstu kennileiti Rómar voru skoðuð, s.s. Trevi-brunnurinn, Spænsku tröppurnar og Pantheon. Aðrar og faldari perlur voru einnig skoðaðar, t.a.m. minjar um vatnsveitu og byggð í Róm frá því fyrir Krist sem varðveittar eru í kjallara hátiskuverzlunarmiðstöðvarinnar Rinascente. Þar má einnig sjá tilkomumikla margmiðlunarkynningu á minjunum og sögu þeirra.

Fimmtudaginn 1. september fékk hópurinn kynningu á starfsemi ICCROM, en höfuðstöðvar þess eru í Trastevere-hverfinu í Róm. Þar var einnig boðið upp á skoðunarferð um stærsta minjavörslubókasafn í heimi, sem og skjalasafn og sýnageymslur. [Hér](#) má sjá frétt á heimasíðu ICCROM um heimsóknina.

Föstudagurinn 2. september var nýttur í kynnisferð um Herculaneum. Þar tóku á móti hópnum Francesco Sirano, forstjóri, og Ottavia Semerari, sérfræðingur hjá varðveisluteymi Herculaneum Conservation Project. Hópurinn fékk yfirgripsmikla fræðslu um rannsóknir í Herculaneum, þær áskoranir sem takast þarf á við í tengslum við verndun og viðhald og samfélagsmiðaðar aðgerðir sem ætlað er að styrkja tengsl íbúa svæðisins við minjastaðinn.



Hluti starfsfólks og makar við Herculaneum á Ítalíu.

Ráðgefandi nefndir og minjaráð

Minjastofnun Íslands nýtur ráðgjafar tveggja nefnda; fornminjanefndar og húsafríðunarnefndar, og að auki kveða lög á um að skipa skuli ráðgefandi minjaráð á hverju minjasvæði, mönnum hagsmunaaðilum frá minjasvæðunum. Upplýsingar um minjaráðin má finna [undir hverju minjasvæði á heimasíðu Minjastofnunar](#).

Fornminjanefnd

Í nefndinni sitja fimm aðalmenn og fimm varamenn.

Nefndin hittist fjórtán sinnum á árinu 2022, á ellefu almennum fundum og á fjórum vinnufundum 1.–21. mars, þar sem farið var yfir umsóknir ársins í fornminjasjóð.

Samþykktar voru nýjar úthlutunarreglur fornminjasjóðs og nýjar vinnureglur fornminjanefndar. Í fyrsta sinn var haldinn fundur með umsækjendum í fornminjasjóð til að kynna nýjar reglur og ræða málin. Fundurinn var haldinn 11. nóvember og mættu um 25 manns.

Ásta Hermannsdóttir var tengiliður Minjastofnunar við fornminjanefnd.

Fornminjanefnd er þannig skipuð:

- Andrés Skúlason, formaður, skipaður án tilnefningar
- Ármann Guðmundsson, varaformaður, tilnefndur af Félagi fornleifafræðinga
- María Karen Sigurðardóttir, tilnefnd af Félagi norrænna forvarða
- Andrés Pétursson, tilnefndur af Rannís
- Anna Guðrún Björnsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Varamenn eru:

- Ragnheiður H. Þórarinsdóttir, skipuð án tilnefningar
- Guðmundur Ólafsson, tilnefndur af Félagi fornleifafræðinga
- Sigríður Þorgeirsdóttir, tilnefnd af Félagi norrænna forvarða
- Steinunn S. Jakobsdóttir, tilnefnd af Rannís
- Valur Rafn Halldórsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Húsafríðunarnefnd

Í nefndinni sitja fimm aðalmenn og fimm varamenn.

Húsafríðunarnefnd hélt sex fundi á árinu. Fyrsti fundurinn var haldinn þann 9. febrúar 2021 með hjálp fjarfundarbúnaðar en aðrir fundir voru haldnir á skrifstofu Minjastofnunar, Suðurgötu 39. Nefndarmenn fóru í vettvangsskoðun í þingsal og hliðarherbergi Alþingishússins í tengslum við fund nefndarinnar 3. mars. Steingrímur J. Sigfússon forseti sameinaðs Alþingis, Ragna Árnadóttir skrifstofustjóri, Ólöf Þórarinsdóttir forstöðumaður og Þorsteinn Magnússon varaskrifstofustjóri tóku á mótí fundarmönnum og starfsmönnum Minjastofnunar, sýndu húsið og gerðu grein fyrir afstöðu sinni til breytinga á þingsalnum, sem hugmyndir voru um á þeim tíma.

Ný nefnd var skipuð til fimm ára frá og með 1. maí. Fráfarandi nefnd er þakkað kærlega fyrir samstarfið á undanförunum árum.

Ný húsafríðunarnefnd er þannig skipuð:

- Arnhildur Pálmadóttir, formaður, skipuð án tilnefningar
- Ágúst Hafsteinsson, varaformaður, skipaður án tilnefningar
- Sigbjörn Kjartansson, tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands
- Magnús Karel Hannesson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Helga Maureen Gylfadóttir, tilnefnd sameiginlega af ICOMOS, ICOM og FÍSOS

Varamenn eru:

- Hanna Rósa Sveinsdóttir, skipuð án tilnefningar
- Guðmundur Þór Guðmundsson, skipaður án tilnefningar
- Gunnþóra Guðmundsdóttir, tilnefnd af Arkitektafélagi Íslands
- Margrét Þormar, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Örlygur Kristinnsson, tilnefndur sameiginlega af ICOMOS, ICOM og FÍSOS

Minjaráð

Minjaráðin sem nú sitja eru með skipunartíma 2019–2023.

Minjaráð Reykjavíkur og nágrennis var skipað á árinu, en tafir höfðu orðið á skipun ráðsins m.a. vegna covid-faraldursins og breytinga á mönnun á minjasvæðinu.

Lista yfir minjaráðsfulltrúa á hverju minjasvæði má sjá á [heimasíðu Minjastofnunar Íslands](#).

Stefnumótunarvinna

Á árinu stóð yfir vinna við mótun stefnu um verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi. Vinnunni lauk á haustdögum og var stefnan síðan lögð inn til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis til efnislegrar staðfestingar. Innihald hennar var kynnt á ársfundi Minjastofnunar Íslands í nóvemberlok og eftir að unnið hafði verið úr athugasemdum ráðuneytisins var stefnan prófarkalesin og send í hönnun. Við árslok var stefnan í höndum útlitshönnuðar en hún hefur nú verið birt á heimasíðu Minjastofnunar þegar þessi ársskýrsla er skrifuð, [hér](#).

Grænu skrefin

Minjastofnun Íslands hóf innleiðingu grænna skrefa skv. verkefninu *Græn skref fyrir ríkisstofnanir* á árinu. Einn liður í innleiðingu grænna skrefa, og skylda ríkisstofnana skv. lögum um loftslagsmál nr. 70/2012, er að samþykkja og innleiða loftslagsstefnu fyrir stofnunina. Var sú stefna samþykkt af forstöðumanni þann 17. október 2022. [Loftslagsstefnuna má nálgast hér](#).

Lagabreyting

Þann 30. desember 2022 tók gildi breyting á lögum nr. 80/2012 um menningarminjar er varðar aldursmörk friðaðra og umsagnarskyldra húsa og mannvirkja. Annars vegar féll úr gildi svokölluð hundrað ára regla um friðuð hús og er nú miðað við fast ártal. Eftir breytingu hljóðar 1. mgr. 29. gr. laganna svo:

Öll hús og mannvirki sem byggð voru árið 1923 eða fyrr eru friðuð.

Hins vegar var gerð breyting á aldursmörkum umsagnarskyldra húsa og mannvirkja frá 1925 í 1940. Eftir breytingu hljóðar 1. mgr. 30. gr. laganna svo:

Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1940 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Með lagabreytingunni bætast við u.þ.b. 8.700 umsagnarskyld hús og mannvirki á landsvísu sem Minjastofnun Íslands veitir umsagnir um.

Samstarf við Vatnajökulspjóðgarð


Þann 30. maí 2022 undirrituðu forstöðumenn Minjastofnunar Íslands og Vatnajökulspjóðgarðs viljayfirlýsingu um aukið samstarf stofnananna. Var yfirlýsingin undirrituð á góðviðrisdegi í Mývatnssveit. Tilgangur viljayfirlýsingarinnar er að efla samvinnu stofnananna tveggja með það að markmiði að auka upplýsingamiðlun um menningarminjar innan þjóðgarðsins og stuðla að vernd þeirra. Sérstök áhersla verður til að byrja með lögð á verkefni í Skaftafelli og Mývatnssveit.

[Viljayfirlýsinguna má sjá hér](#).

Málafjöldi og viðfangsefni


Fjöldi mála

Árið 2022 voru 1592 mál skráð í GoPro.net, málaskráningarkerfi stofnunarinnar. Það er 74 málum færri en árið 2021. Mikil aukning var á fjölda mála milli árána 2020 og 2021, og var stökkið þar stærra en aukning árána á undan. Fækkun mála árið 2022 má því líklega rekja til óreglulegs fjölda mála árið 2021, en á árunum áður hafði málum farið jafnt og þétt fjölgandi. Tekið skal fram að fjöldi mála gefur einungis ákveðna innsýn í starfsemi stofnunarinnar. Mörg verkefni ná yfir fleiri en eitt ár auk þess sem hluti starfseminnar, sem snýr t.a.m. að útgáfu og miðlun, ráðgjöf og leiðbeiningum, ratar ekki inn í málaskráningarkerfið.




Fjölbreytt viðfangsefni

Viðfangsefni Minjastofnunar eru margvísleg og dreifast um allt landið. Smávægileg fækkun er í skráðum málum á flestum minjasvæðum, nema á tveimur minjasvæðum var fjölgun mála milli ára; almenni flokkurinn (allt landið) hækkar um 13 og Vesturland sem hækkaði töluvert, eða um 35 á milli ára. Mesta fækkun mála var á minjasvæðinu Suðurlandi, þar fækkaði málum um 27 á milli ára.




Mál tengd umsóknum og afgreiðslu styrkja úr húsafriðunarsjóði voru 200 á árinu og dreifast ágætlega um landsbyggðina, en eðlilega eru langflest mál á höfuðborgarsvæðinu.




Mál tengd umsóknum í fornminjasjóð voru 80 á árinu, og voru þau nokkuð dreifð um landið. Umsóknir um leyfi til fornleifarannsókna voru 56 talsins, þar af var

einni umsókn hafnað. Fjórar rannsóknir eru á skrá sem ekki fela í sér jarðrask og eru því ekki leyfisskyldar en voru þó tilkynntar til stofnunarinnar.




Önnur mál er varða viðhald, endurbætur, forvörslu og útflutning menningarminja voru 69, og skiptust í þrjá meginflokka sem sjá má hér fyrir neðan.




Eitt mikilvægasta hlutverk Minjastofnunar Íslands snýr að eftirliti og umsögnum varðandi ýmiss konar skipulagsvinnu, umhverfismat og framkvæmdir. Þessi mál eru allt frá breytingum á íbúðarhúsnæði að mati á umhverfisáhrifum stórra byggingarframkvæmda og skipulagi sveitarfélaga. Samtals voru skráð 950 slík mál á árinu, undir sjö málalyklum. Það er smávægileg fækkun frá 2021, en þá var fjöldinn 1073. Þetta má eflaust rekja til heildarmálfjölda sem fjallað var um hér á undan. Langstærsti málaflokkurinn er deiliskipulag en hann er um 40% af öllum umsagnarskyldum málum (393/950). Þar á eftir koma umsagnir um

breytingar, viðhald og framkvæmdir á húsum og mannvirkjum, um 20% (212/950). Ákveðinn munur er þó á stærstu málaflokkunum, sá er varðar hús og mannvirki er eðlilega að mestu á höfuðborgarsvæðinu, helmingur allra mála (106/212), en deiliskipulagsmálin eru langflest á Suðurlandi, eða 169 af 393, eða um 40%. Hinir málaflokkarnir eru nokkuð jafnt dreifðir um landsbyggðina. Einn umsagnarmálaflokkur er ekki tekinn með í þessum kafla en eru það umsagnir um lagafrumvörp, málafjöldi þar var þrjár árið 2022.



Ýmis önnur mál falla inn á borð stofnunarinnar, alls 230 mál árið 2022, en þar er stærsti flokkurinn svokölluð almenn afgreiðslumál, eða 145 af 230.



Rannsóknir og miðlun

Rannsóknir á menningarminjum

Minjastofnun gaf út 55 leyfi til fornleifarannsókna árið 2022. Fjöldi rannsókna er því í góðu meðallagi miðað við árin sex þar á undan, eins og sjá má á töflunni hér fyrir neðan. Af þessum leyfum eru 28 vegna framkvæmda, tvær björgunarrannsóknir, ein könnunarrannsókn og 24 vísindarannsóknir.


Ár	Veitt leyfi	Þar af vísindarannsóknir
2016	55	36
2017	59	34
2018	63	34
2019	52	22
2020	44	15
2021	60	17
2022	55	24

Á Seyðisfirði fer fram ein umfangsmesta framkvæmdarannsókn sem gerð hefur verið hér á landi og þar hafa fundist minjar frá ýmsum tímum, m.a. víkingaaldarskáli með viðbyggingum, kumlategur, mylla frá 19. öld, útihús frá ýmsum tímum, dýrahæ, herminjar og bæjarstæði frá 18.–19. öld. Rannsóknin fer fram vegna ofanflóðavarna sem reisa á undir Bjölfshlíð, vestan megin í firðinum. Áætlað er að rannsókn ljúki árið 2023.

Fornleifafræðingar á Minjastofnun Íslands framkvæmdu björgunarrannsókn á fornleifum í íbúðarhúsinu Brautarholti á Kjalarnesi. Eigandi hússins hafði samband við stofnunina þegar verið var að skipta um gólfplötu í kjallaranum og komu í ljós grjóthleðslur. Í kjallaranum reyndust vera fornleifar frá fyrstu tíð, eða 9.–10. öld.

Minjastofnun gefur út yfirlit um fornleifarannsóknir hvers árs og byggir það á helstu niðurstöðum vettvangsrannsókna sem leyfishafar greina frá á eyðublaði sem þeir skila inn til stofnunarinnar fljótlega eftir að vettvangsrannsókn lýkur. Vakin er athygli á að ekki er um að ræða lokaniðurstöður rannsakenda. Yfirlitsskýrslurnar má nálgast neðst á heimasíðu stofnunarinnar: [Fornleifauppgröftur | Minjastofnun](#).

Af minjasvæðunum fóru flestar rannsóknir fram á Suðurlandi, eða 10 rannsóknir, sem er einni fleiri en í Reykjavík og nágrenni, þar sem voru níu rannsóknir. Á landinu öllu fækkaði fjölda rannsókna um fimm, árið 2021 voru 60 rannsóknir og þar af 17 vísindarannsóknir, árið 2022 voru 55 rannsóknir og þar af 24 vísindarannsóknir. Dreifing rannsókna um landið helst þó mjög svipuð á milli ára 2021 og 2022.



Skil á gagnasöfnum fornleifarannsókna voru 33 talsins árið 2022 og voru það að mestu gögn úr rannsóknum sem fóru fram árið 2021, en einnig voru Þjóðminjasafni Íslands afhent gagnasöfn úr nokkrum eldri rannsóknum frá árunum 2008–2020.

Skráning menningarminja

Hús og mannvirki

Á árinu tók Minjastofnun Íslands við 18 húsakönnunum, þar af voru 17 gerðar vegna deiliskipulags og ein vegna verkefnis í tengslum við verndarsvæði í byggð á Vestfjörðum. Alls voru fimm húsakannanir sem ná yfir minjasvæðið Reykjavík og nágrenni, fjórar á Suðurlandi, fjórar á Reykjanesi, þrjár á Austurlandi og ein á Vestfjörðum. Allar fullbúnar húsakannanir sem borist hafa Minjastofnun eru aðgengilegar á [vef stofnunarinnar](#).

Við gerð húsakannana verða til ómetanleg gögn um byggingararfinn sem nýtast sem grundvöllur og fagleg rök fyrir ákvörðunum sem taka þarf um vernd hans. Minjastofnun leggur ríka áherslu á að notað sé rafræna skráningarformið *Huginn*, svo skráningin sé stöðluð, fagleg og nýtist sem best öllum þeim sem þurfa upplýsingar um þann hluta menningarminja sem byggingararfurinn er.

Athygli er vakin á nýlegri þekju í vefsíðu stofnunarinnar sem ber heitið [Húsakannanir og skráningar](#) en í henni má sjá umfang þeirra húsakannana og -skráninga sem framkvæmdar hafa verið auk þess sem viðkomandi skýrsla er einnig aðgengileg þar.

Minjastofnun Íslands heldur skrá yfir friðuð og friðlýst hús og mannvirki. Á heimasíðu stofnunarinnar er að finna [lista yfir öll friðlýst hús og mannvirki](#), en síðan er enn í vinnslu og á eftir að uppfæra upplýsingar um einstök hús og mannvirki.

Við breytingu á lögum er tóku gildi undir lok árs 2022 og varða aldursmörk friðaðra og umsagnarskyldra húsa og mannvirkja bættust við u.þ.b. 8.700 umsagnarskyld hús og mannvirki á landsvísu sem Minjastofnun Íslands veitir umsagnir um.

Fornleifar

Alls bárust Minjastofnun 109 fornleifaskráningarskýrslur ásamt tilheyrandi gögnum úr 95 skráningarverkefnum. Er þetta nokkuð í takt við þann fjölda sem borist hefur stofnuninni á undanförunum árum, eða eftir að reglur um gagnaskil voru hertar árið 2016. Þessi munur sem kemur fram milli fjölda skýrslna og skráningarverkefna kemur til vegna þess að í sumum tilfellum er fleiri en einni skýrslu skilað fyrir eitt skráningarverkefni. Voru 50 skráningarverkefni unnin vegna skipulagsgerðar, 15 vegna veitulagna, 9 vegna skógræktar, 7 vegna annarra framkvæmda, 6 vegna vegagerðar, 4 vegna rannsókna, 2 vegna verndarsvæðis í byggð, 1 vegna umhverfismats og 1 vegna friðlýsingar.

Áfram var unnið að þróun minjavefsjár stofnunarinnar sem undir lok árs innihélt upplýsingar um 13.891 fornleifar. Sú breyting varð á árinu að gagnagrunnur stofnunarinnar sem heldur utan um landupplýsingagögn úr fornleifaskráningum, var færður frá Loftmyndum ehf. þar sem hann hefur verið hýstur frá 2008, yfir til Landmælinga Íslands. Rekstur minjavefsjár stofnunarinnar var jafnframt færður yfir til Landmælinga og varð sú breyting á að dagleg umsýsla við vefsjána er nú meira í umsjá starfsmanna Minjastofnunar en áður var. Nýrri vefsjá var svo hleypt af stokkunum 31. mars. Er hún með svipuðu sniði og eldri vefsjáin, en samstarfið við Landmælingar hefur leitt til þess að vefsjáin miðlar nú mun fjölbreyttara efni. Má þar nefna ýmis grunnkort, eins og herforingjaráðskort Dana, Atlaskortin og hæðarlíkan. Einnig er nú miðlað ýmsum gagnapakjum úr landupplýsingagrunni Landmælinga. Þar má m.a. nefna örnefnapakju, sveitarfélagamörk frá ýmsum tímum og ljósmyndir og kort sem unnin voru af dönskum landmælingamönnum í upphafi síðustu aldar. Miðlun gagna Minjastofnunar er nú jafnframt orðin mun fjölbreyttari. Eins og áður er hægt að hlaða gögnum af vefsjánni á .shp formi, en auk þess er nú boðið upp á að tengjast gagnagrunni stofnunarinnar beint í gegnum WMS- og WFS-þjónustur sem hægt er að setja upp á auðveldan máta í helstu landupplýsingaforritum (QGIS, ArcGIS o.s.frv.).

Vinnu var áfram haldið við að færa inn á minjavefsjána svæði þar sem fornleifaskráning hefur farið fram. Er staðan nú sú að yfir 90% fornleifaskráningarverkefna eru komin þar inn. Jafnframt var haldið áfram vinnu við að tengja fornleifaskráningarverkefnin við skýrslur í gegnum vefslóðir. Var staðan sú við árslok að 97% fornleifaskráningarskýrslna, sem til eru á rafrænu formi í fórum Minjastofnunar, voru orðnar aðgengilegar í Minjavefsjánni sem og á sérstakri vefsíðu, <https://skraning.minjastofnun.is/>.

Haustið 2020 hófst vinna við verkefnið „Kortlagning minja á Íslandi“ sem fólst í kortlagningu örnefna sem þykja vísa á minjar upp úr örnefnagrunni Landmælinga Íslands. Ekki er um að ræða eiginlega fornleifaskráningu, sem felur í sér nákvæma staðsetningu minja, heldur er markmiðið að skapa Minjastofnun yfirsýn á mögulega minjastaði í gegnum örnefnin. Fyrstu yfirferð örnefna lauk snemma árs 2022, en í raun er það einungis fyrsti áfangi verkefnisins, þar sem kortlagningu Landmælinga á örnefnum er hvergi nærri lokið og því kemur örnefnagrunnurinn til með að stækka áfram á næstu árum og þeim örnefnum sem vísa á minjar til með að fjölga að sama skapi. Alls voru skráð 39.381 örnefni sem vísa á minjar í þessari umferð og voru þau birt sem sérstök þekja á minjavefsjánni, undir heitinu „Minjavísir“, í lok árs. Auk áframhaldandi skráningar minjatengdra örnefna er síðan ætlunin að bera örnefnaskráninguna saman við fyrirliggjandi fornleifaskráningu, auk þess sem ráðist verður í kerfisbundna yfirferð á loftmyndum þar sem leitað verður minja í samhengi við örnefnin.

Miðlun

Starfsmenn Minjastofnunar rituðu á árinu greinar og skýrslur og héldu fyrirlestra. Lista yfir greinar, skýrslur, fyrirlestra og slíkt má finna undir [Áhugavert efni](#) á heimasíðu stofnunarinnar.

Útgáfa

Minjastofnun gaf út 5 rafræn [fréttabréf](#) á árinu. Áskrifendur að fréttabréfinu eru rúmlega 400 talsins, einstaklingar sem og stofnanir/fyrirtæki. Undir lok árs var ákveðið að hætta að gefa út fréttabréfið og fréttir um stofnunina verða birtar jafnóðum á samfélagsmiðlum (Facebook og Instagram) og heimasíðu stofnunarinnar.

Starfsmenn tóku á árunum 2020 og 2021 þátt í tveimur verkefnum sem styrkt voru af byggðaáætlun; annars vegar uppfærslu á fornleifaskráningu í Kúvíkum í Árneshreppi á Ströndum og hins vegar fornleifaskráningu á svokölluðum Hólsstíg sem liggur á milli Kópaskers og Raufarhafnar. Voru báðum þessum verkefnum gerð skil í skýrslum sem komu út á árinu 2022.

Vegna jarðhræringa og síðar eldgoss á Reykjaneskaga árið 2021 fór skráningarteymi Minjastofnunar af stað með verkefni sem fól m.a. í sér að afla gagna um þær minjar á skaganum sem voru í hættu vegna eldsumbrotanna. Á árinu 2022 var gefin út stöðuskýrsla um verkefnið sem finna má [hér](#). Einnig er stefnt að því að greint verði síðar frá einstökum þáttum verkefnisins í ítarlegri skýrslum sem verið er að vinna að.

Samfélagsmiðlar og heimasíða

Minjastofnun Íslands notar samfélagsmiðlana [Facebook](#) og [Instagram](#) til að miðla áhugaverðu og skemmtilegu efni er varðar menningarminjar á Íslandi. Einnig eru miðlarnir notaðir fyrir tilkynningar af ýmsu tagi er varða starfsemi stofnunarinnar, viðburði og ýmsar fréttir tengdar fornleifa- og byggingararfi.

Auk þess er Minjastofnun á [Sketchfab](#) þar sem hægt er að finna þrívíddarlíkön af minjastöðum sem starfsmenn hafa unnið á eigin spýtur sem og í samstarfi við sérfræðinga á þessu sviði.

Listi og rafræn eintök af útgefnum fornleifaskráningarskýrslum hafa verið gerð aðgengileg á síðunni [Fornleifaskráning](#) og síðan [Húsakannanir og -skráningar](#) var einnig gerð aðgengileg á árinu.

Jóladagatal Minjastofnunar er orðið að föstum árlegum lið á heimasíðunni þar sem útvaldar menningarminjar eru til umfjöllunar dag hvern frá upphafi desembermánaðar til aðfangadags. Í ár var m.a. fjallað um Hraunþúfuklaustur, Papós, Grænavatn, Búðakirkju og Breiðavíkurver svo fátt eitt sé nefnt. [Hér má finna Jóladagatalið 2022.](#)

Námskeið

Oddgeir Isaksen, fornleifafræðingur á rannsóknar- og miðlunarsviði Minjastofnunar Íslands var leiðbeinandi á námskeiðinu *Aðferðafræði I* sem er kennt fyrsta árs nemendum í fornleifafræði við Háskóla Íslands. Fyrsti hluti námskeiðsins fer fram í Skálholti ár hvert og felur í sér vettvangsvinnu við uppgröft og fornleifaskráningu. Vettvangskennslan fór fram dagana 29. ágúst – 2. september. Minjastofnun Íslands mun halda áfram að taka þátt í kennslu við námskeiðið með þessum hætti á næstu árum.



Oddgeir Isaksen við kennslu í Skálholti. Ljósmynd: Angelos Parigoris, stjórnandi rannsóknarinnar í Skálholti.

Ráðstefnur, erindi og fundir

Vorfundur stofnunarinnar var haldinn í Hannesarholti í Reykjavík fimmtudaginn 12. maí. Fundurinn bar yfirheitið *Friðlýsingar: Tækifæri og áskoranir*. Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, opnaði fundinn en í kjölfarið voru flutt forvitnileg erindi. Einn starfsmaður Minjastofnunar hélt erindi auk þess sem fimm sérfræðingar fluttu erindi. Duncan McCallum kynnti verndun eldri húsa á Englandi, Jón Örn Árnason ræddi um réttaráhrif friðlýsingar, Ingibjörg Marta Bjarnadóttir fjallaði um friðlýsingu á grundvelli náttúruverndarlaga, Borghildur Sturludóttir ræddi um menningarminjar og borgarskipulag og Aðalheiður Magnúsdóttir lokaði fundinum með umfjöllun um starfsemi Fossa í eldri húsum borgarinnar. Góðar umræður fóru svo fram þar sem fyrirlesarar sátu fyrir svörum undir stjórn fundarstjóra, Eyþórs Eðvarðssonar. Fundurinn var tekinn upp og er aðgengilegur á Youtube-síðu stofnunarinnar: [Upptaka af vorfundi Minjastofnunar Íslands 12. maí 2022 - YouTube](#)

Ársfundur stofnunarinnar var haldinn í Iðnó í Reykjavík fimmtudaginn 24. nóvember. Meginþema fundarins var *Á fortíð skal framtíð byggja*. Fimm starfsmenn stofnunarinnar héldu erindi auk þess sem tveir utanaðkomandi sérfræðingar héldu erindi. Arnhildur Pálmadóttir, formaður húsafriðunarnefndar, ræddi um mannvirki sem efnisgeymslur og möguleika á endurnýtingu byggingarefnis þegar um nýbyggingar er að ræða og Andrés

Skúlason, formaður fornminjanefndar, ræddi um vannýtt tækifæri hvað varðar menningarminjar. Að erindum loknum fóru fram umræður og komu þar m.a. fram ýmis sjónarmið um hvernig menningarminjar nýtast nú á dögum.

Fundur evrópskra minjastofnana og sérfræðinga um kaldastríðsminjar fór fram þann 5. febrúar í fjarfundi á Teams og sat forstöðumaður fundinn fyrir hönd stofnunarinnar.

Starfsfólk flutti ýmis erindi á árinu og finna má lista yfir þau á [heimasíðu stofnunarinnar](#).

Innviðaupbygging á ferðamannstöðum

Á vordögum 2021 fékkst fjármagn til fjögurra nýrra verkefna á *Stefnumarkandi landsáætlun til uppbyggingar innviða 2022–2024*. Um er að ræða raðumsókn fyrir sjö skilti á minjastöðum um allt land, deiliskipulag á Örlygsstöðum í Skagafirði, frumathugun fyrir Hofstaði í Mývatnssveit og frumathugun fyrir Vog í Höfnum á Reykjanesi. Fjöldi verkefna er í vinnslu á hverjum tíma og varð engin breyting á því á árinu 2022. Verkefni sem klárðust á árinu voru m.a. forhönnun fyrir minjasvæðið Vog í Höfnum og uppsetning skiltis við friðlýsta fjárborg í Mjóafirði. Þó nokkur verkefni voru á lokametrunum í árslok og má gera ráð fyrir að þau klárast á fyrstu mánuðum ársins 2023.

Verndun og friðlýsingar

Friðlýsingar

Engar menningarminjar voru friðlýstar á árinu 2022.

Tillögur að friðlýsingum

Tvær tillögur að friðlýsingum voru sendar umhverfis-, auðlinda- og loftslagsráðuneytinu á árinu 2022:

Skrúður á Núpi í Dýrafirði

Minjastofnun Íslands lagði til friðlýsingu garðsins Skrudís á Núpi í Dýrafirði í heild sinni samkvæmt upphaflegu skipulagi hans, skipan beða og tegundaflóru innan hvers reits auk hlaðinna vegghleðslna umhverfis garðinn og innan marka hans, garðhliðs úr hvalbeini, gosbrunnis og gróðurhúss og annarra sögulegra mannvirkja.

Laugarnes í Reykjavík

Minjastofnun Íslands lagði til friðlýsingu menningarlandslags Laugarnestanga með það að markmiði að sameina sem minjaheild búsetuminjar í Laugarnesi, sem sýna þróun svæðisins allt frá landnámi til dagsins í dag.

Friðlýsingartillagan nær til áhrifa mannsins á Laugarnestanga í heild sinni. Um er að ræða búsetu eða menningarlandslag þ.e. áhrifasvæði mannsins, þar með talið ásýnd staðarins, búsetuminjar (allt frá bæjarhól og kirkjugarði til beðaslétta og vara) og listaverk að undanskildum þeim sem eru séreign erfingja Sigurjóns Ólafssonar. Um er að ræða útvíkkun á eldri friðlýsingu sem náði einungis til hluta fornleifa á svæðinu, en þær eru:

Laugarnes (181165 230). I) Hinn gamli kirkjugarður (181165 230–7) sunnan við bæinn. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931.

II) Hið gamla bæjarstæði Laugarness við Sund (181165 230–84), bæjarhóll norðan við gatnamót Kleppsvegjar og Laugarnesvegjar, fast við Laugarneskirkjugarð, sem friðlýstur er. Skjal undirritað af ÞM 30.04.1987. Þinglýst 26.06.1987.

Verndarsvæði í byggð

Markmið laga um verndarsvæði í byggð er að stuðla að vernd og varðveislu byggðar sem hefur sögulegt gildi (1. gr., lög nr. 87/2015). Löggin gilda um byggð innan þéttbýlis og byggðarkjarna utan þéttbýlis sem ástæða er til að varðveita vegna svipmóts, menningarsögu eða listræns gildis. Byggðarkjarni er skilgreindur sem samstæða mannvirkja utan þéttbýlis sem mynda byggðarheild.


Minjastofnun Íslands veitti umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra umsögn um verndarsvæðistillögu fyrir vesturbæ Hafnarfjarðar vorið 2022. Tillagan var enn í vinnslu undir lok árs en reiknað með að hún yrði samþykkt á komandi ári.

Stofnunin veitir sveitarfélögum almenna ráðgjöf varðandi gerð tillögu að verndarsvæði í byggð, og leiðbeiningar um gerð húsakannana og fornleifaskráningar, sem eru hluti af vinnu við tillögugerðina.

Inn- og útflutningur menningarminja

Árið 2022 bárust alls 27 umsóknir um leyfi til útflutnings menningarverðmæta. Átta leyfi voru veitt til tímabundins útflutnings gripa og sýna úr fornleifauppgröftum til rannsókna erlendis, eitt leyfi var veitt til endanlegs útflutnings menningarverðmæta og 24 leyfi til útflutnings sýna til eyðandi greiningar. Hvert leyfi getur átt við fleiri en einn grip/sýni. Nánari upplýsingar um skilyrði leyfa og umsóknareyðublöð má finna á [heimasíðu Minjastofnunar Íslands](#).

Stofnuninni barst einnig ein tilkynning um að tollverðir hefðu stöðvað útflutning listaverka sem ekki hafði verið óskað eftir leyfi fyrir til útflutnings.



Auk þess að fjalla um útflutning menningarverðmæta skv. 44.–50. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 annast Minjastofnun Íslands framkvæmd laga um skil menningarverðmæta til annarra landa, nr. 57/2011. Tilgangur þeirra er að tryggja skil á menningarverðmætum hafi þau verið flutt til Íslands með ólögætum hætti. Minjastofnun Íslands tekur við kröfum um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í öðrum ríkjum og skal hafa náð samstarf og samráð við þau stjórnvöld svo og við alþjóðlegar stofnanir er láta sig málið varða. Þá skal stofnunin leitast við að upplýsa um vörslustaði menningarminja sem fluttar hafa verið til landsins án leyfis, sé kunnugt um þá. Skulu lögregluvöld aðstoða við þá leit ef þörf er á. Tollyfirvöld eiga einnig tafarlaust að tilkynna Minjastofnun Íslands um menningarminjar sem reynt hefur verið að flytja ólöglega til landsins.

Samstarfsverkefni

Minjastofnun Íslands tekur þátt í fjölda innlendra og erlendra samstarfsverkefna með öðrum stofnunum, sveitarfélögum, félagasamtökum og einstaklingum. Hér á eftir eru upplýsingar um nokkur þeirra.

Innlent samstarf

Minjastofnun Íslands á fasta fulltrúa í kirkjugarðaráði, ráðgjafarnefnd þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og Breiðafjarðarnefnd.

- Forstöðumaður er fulltrúi stofnunarinnar í kirkjugarðaráði.
- Ásta Hermannsdóttir, verkefnastjóri, situr í ráðgjafarnefnd þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, þar er minjavörður Vesturlands, Magnús A. Sigurðsson, varamaður.
- Minjavörður Vesturlands er fulltrúi stofnunarinnar í Breiðafjarðarnefnd og er Ásta Hermannsdóttir, verkefnastjóri, varamaður.

Aðrir samstarfshópar/nefndir:

- Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða – Rammaáætlun. Agnes Stefánsdóttir situr í verkefnisstjórn fimmta áfanga (2021–2025) og Þór Hjaltalín er varamaður.
- *Ritmenning íslenskra miðalda* (RÍM) er verkefni sem fékk fjármagn til að úthluta styrkjum í fimm ár frá og með árinu 2020. Meginmarkmið þess er að efla rannsóknir sem tengjast þeim stöðum á Íslandi þar sem ritmenning blómstraði á miðöldum. Rannsóknir þessar munu m.a. tengjast fornleifafræði, sagnfræði, textafræði og bókmenntafræði. Agnes Stefánsdóttir sviðsstjóri á Minjastofnun er formaður úthlutunarnefndar RÍM.
- Fulltrúar Minjastofnunar í fagráði náttúruminjaskrár eru Sædis Gunnarsdóttir, minjavörður Norðurlands eystra, og Guðmundur St. Sigurðarson, minjavörður Norðurlands vestra.
- Ásta Hermannsdóttir, verkefnastjóri, situr í stjórn Íslandsdeildar ICOMOS og gegnir þar stöðu varamanns/meðstjórnanda.
- Sólrún Inga Traustadóttir, verkefnastjóri, situr í nefnd Bláa skjaldarins og gegnir þar stöðu varaformanns.

Samstarfsverkefni:

Húsverndarstofa er samvinnuverkefni [Minjastofnunar Íslands](#), [Borgarsögusafns](#) og [Iðunnar fræðsluseturs](#). Veitt er ókeypis ráðgjöf vegna eldri húsa og sitja arkitektar á vegum Minjastofnunar og Borgarsögusafns þar fyrir svörum. María Gísladóttir, verkefnastjóri, sinnir Húsverndarstofu á Árbæjarsafni fyrir hönd Minjastofnunar.

Minjastofnun fékk styrk á *Byggðaaætlun* til nokkurra ára til að styðja við verkefni í héraði sem snúa að nýtingu menningarminja. Farið var af stað með skráningarverkefni í Strandabyggð sem unnið var af skráningardeild Byggðasafns Skagfirðinga. Einnig hófst hugmyndavinna að kynningarefni fyrir Hofstaði í Mývatnssveit.

Alþjóðlegt samstarf

Forstöðumaður Minjastofnunar Íslands situr árlega fundi forstöðumanna minjastofnana Norðurlanda (Nordic Heritage Heads Forum, NHHF) – sem áður nefndust fundir þjóðminjavarða Norðurlanda – og fundi forstöðumanna minjastofnana Evrópu (European Heritage Heads Forum, EHHF).

NHHF (Nordic Heritage Heads Forum)

Ársfundur forstöðumanna minjastofnana á Norðurlöndunum (þjóðminjavarðafundur) 2022 var haldinn í Röros í Noregi dagana 23.–26. ágúst. Efni fundarins voru tvö að þessu sinni. Annar vegar var rætt um viðbrögð við ófyrirséðum ógnum gagnvart menningarminjum. Hins vegar var rædd sjálfbær stjórnun heimsminja og annarra mikilvægra menningarminja.

EHHF (European Heritage Heads Forum)

Ársfundur forstöðumanna minjastofnana í Evrópu var haldinn í Edinborg, Skotlandi 18.–20. maí 2022. Þema fundarins var „Change and renewal“.

Rætt var um fjármálaþáttinn, sem þrengdi að rétt eins og í öðrum starfsgreinum. Áhersla fundarins var á það félagslega ástand sem skapast þegar stytum af „kúgurum“ er steypt af stalli og þær skemmdar víða í heiminum. Hlutverk minjavörslunnar er að segja og varðveita söguna á eins sannan hátt og mögulegt er. Áhersla hefur víða verið á sögu sigurvegaranna eða nýlenduhöfðingjanna og minnismarki og stytur reistar af þeim víða um lönd. Á undanförunum árum hafa þjóðir og samfélagshópar risið upp og mótmælt dýrkun á þessum aðilum. Þau vilja að sín saga heyrist. Minjavarsla byggir ekki á fasta, heldur samningum. Það sem unnið er með núna og verður eflaust áhersluatriði á næstu árum er hvernig hægt er að varðveita minjar og söguna þannig að allir séu sáttir.

EAC (Europae Archaeologiae Consilium)

Minjastofnun Íslands hefur undanfarin ár átt fulltrúa í stjórn EAC en eitt af meginmarkmiðum samtakanna er að efla samvinnu og samræðu þeirra stofnana sem fara með stjórnsýslu fornleifaarfsins í Evrópu. Samtökin halda úti öflugri starfsemi og blómlegri útgáfu um hin aðskiljanlegustu málefni minjavörslunnar og hefur Minjastofnun tekið þar virkan þátt. Þór Hjaltalín hefur setið fyrir Íslands hönd í stjórn samtakanna undanfarin ár. Ársþing samtakanna fór fram í Vínarborg 23.–25. mars 2022 og var haldið veglegt málþing undir yfirskriftinni *Archaeology and the Natural Environment*. Þar flutti Þór erindi undir heitinu: *Archaeological Heritage Management and the Natural Environment – The Experience from Iceland* undir þemaliðnum *Archaeological Heritage and Natural Heritage Management – Conflict or Collaboration in Protecting Nature and Archaeology?* Kom það vel heim og saman við umræðu og áform um sameiningu náttúru- og minjaverndar á Íslandi. Sem stjórnarmaður í EAC hefur Þór tekið að sér að leiða vinnuhóp sem ber heitið *Articulating Significance of Archaeological Sites*. Er þar um að ræða samstarf 11 landa þar sem leitast er við að draga fram sjónarmið og þróa aðferðir við mat á gildi minja, og vonast er til að geti orðið nýtsamt verkfæri minjavörslunnar í framtíðinni. Búið er að safna miklu efni til útgáfu þar sem fjallað er um málefnið í víðu samhengi auk þess sem lagaumhverfi hinna ýmsu landa í Evrópu og aðferðir við mat á mikilvægi eða gildi minja og landslags eru borin saman. Er markmiðið að gefa út leiðbeiningarrit og

einhvers konar hugmyndabanka á þessu sviði minjavörslunnar fyrir stofnanir Evrópu sem fara með stjórnýslu fornleifaarfsins auk annarra sem láta sig þessi mál varða. Reiknað er með að ritið verði tilbúið til útgáfu vorið 2024.

NBM (Norrænn vinnuhópur um líffræðilega fjölbreytni)

Minjastofnun Íslands á fulltrúa í vinnuhópi um líffræðilega fjölbreytni (NBM), en verkefni hópsins er að leitast við að vernda eða draga úr tapi á lífbreytileika ásamt því að stuðla að sjálfbærri nýtingu. NBM leggur höfuðáherslu á líffræðilega fjölbreytni, vistkerfi, náttúruvernd og sömuleiðis útivist, landslag, menningarumhverfi og vistkerfaþjónustu. Einnig að tryggja að líffræðilegri fjölbreytni og vistkerfaþjónustu sé veitt athygli í þeirri vinnu sem snýr bæði að loftslagsaðlögun og loftslagsbreytingum. NBM starfar á grundvelli umhverfis- og loftslagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar, einkum 5. kafla um líffræðilega fjölbreytni. NBM auglýsir árlega eftir styrkumsóknum á grundvelli þessara markmiða. Agnes Stefánsdóttir situr í vinnuhópnum en hún var tilnefnd til setu í honum af mennta- og menningarmálaráðuneyti. Gegndi hún stöðu varaformanns nefndarinnar á árinu 2022.

Strengthening Cultural Heritage resilience to climate change

Guðmundur St. Sigurðarson, minjavörður Norðurlands eystra, er þátttakandi í evrópsku verkefni tengdu loftslagsvánni með fulltrúum frá öllum löndum Evrópusambandsins og EFTA. Vinnu við verkefnið lauk á árinu 2022.

PHIVE (Promoting and Preserving Heritage in Virtual Environments)

Minjastofnun er þátttakandi í PHIVE (Promoting and Preserving Heritage in Virtual Environments) sem er samstarfsverkefni styrkt af Norðurslóðaáætlun ESB og leitt af Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri. Verkefnið snýr að stafrænni þróun menningararfs, en Minjastofnun er aukaaðili í verkefninu.

ESPON (European Observation Network for Territorial Development and Cohesion)

Minjastofnun var þátttakandi í alþjóðlegu verkefni (ESPON) sem snýr að því að rannsaka hvernig heimamenn sjá og meta minjastaði í sínu nánasta umhverfi. Verkefnastjóri var Sólrún Inga Traustadóttir. Rannsóknin var unnin af Veru Vilhjálmstöddur, sérfræðingi hjá Rannsóknarmiðstöð ferðamála og fólst vinnan meðal annars í spurningakönnunum og rýnihópavinnu. Svæðið sem var rannsakað á Íslandi nær yfir Þingeyjarsveit. Lögð var áhersla á að öðlast innsýn í samfélagslegt gildi minjastaða fyrir heimamenn, kanna hvort og þá hvernig minjastaðir geti gagnast íbúum svæðisins og kanna mögulegan ávinning sem hlotist hefur af þeim fornleifarannsóknum sem hafa farið fram á svæðinu í gegnum árin. Þátttakendur voru almennt sammála um að minjastaðir hefðu gildi fyrir samfélagið, en meira mætti gera til að miðla upplýsingum um minjastaðina og nýta þá meira en nú er gert. Einnig væru minjastaðir mikilvægir fyrir ferðaþjónustuna á svæðinu og uppbygging þeirra hefði jákvæð áhrif á greinina. Niðurstöður rannsóknarinnar hafa verið gefnar út í skýrslunni: *Societal value of cultural heritage in Iceland. Spin-off project of "ESPON HERITAGE"*. Hægt er að nálgast rannsóknarskýrsluna hér: [Report SocialValueFinal.pdf \(minjastofnun.is\)](#).

Minjasvæði

Reykjavík og nágrenni



Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis ræðir við starfsfólk Antikva ehf. sem vinna að fornleifarannsókn bæjarstæðis Hamrahlíðar í landi Blikastaða.

Helstu verkefni ársins voru að sinna lögbundnu hlutverki stofnunarinnar með umsögnum vegna breytinga á húsum og mannvirkjum og í tengslum við skipulagsgerð og framkvæmdir víða á minjasvæðinu.

Áfram var unnið að sjóvarnarmáli vegna friðlýstra fornleifa í Blikastaðanesi í Mosfellsbæ. Stofnunin hlaut styrk úr sjóði *Landsáætlunar vegna uppbyggingar innviða* til að setja upp skilti á svæðinu og kemur hann til úthlutunar árið 2024.

Málum sem varða göngu- og hjólastíga hefur fjölgað á árinu. Þar má meðal annars nefna Elliðaárdal, Öskjuhlíð og Sörlaskjól. Ánægjulegt hefur verið að sjá að minjum hefur verið gert hátt undir höfði og lögð hefur verið áhersla á að merkja minjastaði og kynna þá fyrir almenningi.

Umræðan um yngri minjar, her- og iðnminjar hafa haldið áfram þetta árið í kjölfar fréttu og fyrirspurna um verndunarstöðu bensinstöðva á síðasta ári, en þær eru flokkur bygginga sem hafa átt mjög undir högg að sækja. Minjastofnun og Reykjavíkurborg hafa rætt framtíð þessara bygginga og almennt um verndarstöðu yngri húsa sem falla ekki undir lög um menningarminjar og mun það samtal halda áfram á komandi ári.

Fornleifarannsóknir á minjasvæðinu voru flestar í Reykjavík vegna ýmissa framkvæmda. Vísindarannsókn Háskóla Íslands í Móakoti lauk árið 2020. Undirbúningsvinna að frágangi svæðisins sem áningarstað, í samvinnu við Seltjarnarnesbæ, er vel á veg komin og er áætlað að verkinu ljúki næsta sumar. Björgunarrannsókn Minjastofnunar fór fram í Brautarholti sl. sumar eftir að í ljós komu fornleifar undir steypu kjallaragólfi. Enn er yfirstandandi fornleifauppgröftur á bæjarstæði Hamrahlíðar í landi Blikastaða vegna áforma um íbúðabyggingu á svæðinu. Um er að ræða kotbýli frá árinu 1850 en fáar

rannsóknir hafa verið gerðar á slíkum býlum þrátt fyrir að þau séu stór hluti af sögu Íslands.



Laugavegur 25, mynd úr bókinni Laugavegur eftir Önnu Dröfn Ágústsdóttur og Guðna Valberg sem kom út árið 2021.

Minjaráð Reykjavíkur og nágrennis hélt tvo fundi á árinu, en tveir fundir féllu niður vegna covid. Umræður minjaráðsins hafa að mestu fjallað um stöðu og varðveislu yngri bygginga sem ekki eru friðaðar, með tilliti til stefnu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um þéttingu byggðar. Í júní hittist minjaráðið og fékk kynningu á nýútkominni bók um Laugavegin í Reykjavík. Rætt var um sögu Laugavegar og þróun byggðarinnar í kring ásamt sögu skipulags í Reykjavík. Í desember hittist minjaráðið í Kópavogi og fékk kynningu á sögu Hamraborgarsvæðisins og nýsamþykktu deiliskipulagi þess. Rætt var um verkferla í skipulagsgerð, varðveislumat yngri bygginga og áhrif nýsamþykkrar lagabreytingar um aldursfriðun húsa svo eitthvað sé nefnt.

Reykjanes

Mörk minjasvæðisins eru óbreytt frá fyrra ári, en auk Suðurnesja nær minjasvæðið jafnframt yfir Hafnarfjörð og Garðabæ. Flest afgreiðslumálin voru býsna hefðbundin umsagnarmál um skipulag og framkvæmdir og lítið um sérstök átakamál á árinu. Varðveisla „nýminja“ var töluvert í deiglunni en það eru minjar sem eru yngri en 100 ára og eru því ekki friðaðar líkt og þær sem eldri eru. Af slíkum málum má nefna gamla frystihúsið í Vogum sem byggt var á árunum 1943–52. Áform hafa verið uppi um að rífa húsið, en bent hefur verið á sögulegt gildi þess fyrir samfélagið í Vogum og átti Minjastofnun fundi með sveitarfélaginu og íbúum um það mál. Í því sambandi má einnig nefna annað mál sem Minjastofnun hefur komið að, en Minja- og sögufélag Vatnsleysustrandar hefur tekið að sér það metnaðarfulla verk að bjarga hinum gamla eikarbáti Fengsæl, sem nú stendur uppi í fjöru í Súðavík, en upphaflega var hann gerður út af Útgerðarfélagi Vatnsleysustrandar og fluttur inn til landsins frá Danmörku 1931. Fengist hefur góður styrkur frá ríkinu til að flytja hann suður á fyrri heimaslóðir þar sem hann verður settur í slipp og mun vonandi þjóna íbúum í Vogum í nýju

hlutverki um mörg ókomin ár. Varðandi nýminjar má einnig nefna að til skoðunar hafa verið möguleikar á að friðlýsa hluta Patterson-flugvallar en óhætt er að fullyrða að hann er á meðal best varðveittu minjastaða frá síðari heimsstyrjöld. Frekara samtal um þetta þarf að fara fram við Reykjanesbæ. Sveitarfélög á Reykjanesi hafa verið dugleg við að gera tillögur að verndarsvæðum í byggð. Er það til fyrirmyndar að sveitarfélög skilgreini þannig verðmætt menningarlandslag í heimabyggð og stuðli þar með að varðveislu þess til framtíðar. Á árinu var unnið ötullega að verndarsvæðistillögu fyrir vesturbæ Hafnarfjarðar og hefur Minjastofnun verið með umsagnir og ráðgjöf varðandi það mál, en samhliða því var unnið mjög viðamikil deiliskipulag fyrir þennan elsta hluta Hafnarfjarðar.

Tveir staðir á Reykjanesi hafa fengið fyrirgreiðslu úr sjóði *Landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum*, en það er til vinnslu verndaráætlunar fyrir útilegumannaminjarnar í Eldvörpum og til hönnunar vegna bættis aðgengis og kynningar landnámsminjanna í Vogu í Höfnum. Verður unnið áfram að vernd, kynningu og bættu aðgengi að þessum merku minjastöðum.

Starfsemi minjaráða komst í eðlilegt horf eftir covid með fyrsta fundi í langan tíma þann 14. desember 2022, þar sem fjallað var um nýminjar og friðlýsingar og svo farið á vettvang á Laugarnestanga þar sem Hrafn Gunnlaugsson kvikmyndagerðarmaður tók á móti hópnum á heimili sínu, en í undirbúningi er friðlýsing menningarlandslags í Laugarnesi.



© Oddgeir Karlsson

Loftmynd af Patterson-flugvelli. Flugvöllurinn og mannvirkin þar eru gott dæmi um svokallaðar nýminjar. Ljósmyndari: Oddgeir Karlsson.

Vesturland



*Loftmynd af Búðakirkju á
Snæfellsnesi.*

Árið var frekar hefðbundið, en skipulags- og framkvæmdamálum heldur áfram að fjölga á milli ára og aldrei hefur verið eins mikið um slík mál á Vesturlandi. Stærri málum hefur fækkað en þeim smærri fjölgað. Skipulagsmálin taka því mest af tíma minjavarðar.

Því miður var mjög lítið um uppgrefti á Vesturlandi. Einu uppgreftir ársins voru áframhald rannsóknar á landnámsminjum í Ólafsdal undir stjórn dr. Hildar Gestsdóttur, og áframhald uppgraftar á Arnarstapa undir stjórn dr. Kevin Martin. Einnig var farið fram á að prufuskurðir yrðu teknir og framkvæmdaefirliti sinnt á einum stað á sunnanverðu Snæfellsnesi. Minjavörður tók þátt í og hafði eftirlit með leit að Ólafarbrunni í Flatey, en til stendur að endurgera hann árið 2023, undir eftirliti minjavarðar.

Áhugi almennings á minjum virðist vera að aukast og m.a. var farið í vettvangsferð með heimamönnum að skoða áhugaverðar minjar á Svínanesi, en þar má m.a. finna dysjar Fransmanna. Lokið var við að færa og endurbyggja Ranakofann í Svefneyjum.

Engir fundir voru haldnar í minjaráði Vesturlands á árinu.

Vestfirðir



Fengsæll í förinni á Langeyri.

Árið einkenndist af hefðbundnum verkefnum á sviði minjaverndar en mál tengd framkvæmdum og skipulagsvinnu tóku mestan tíma og voru flestar vettvangsferðir farnar vegna þeirra. Skipulags- og framkvæmdamálum hefur fjölgað á sunnanverðum Vestfjörðum og hafa þau aldrei verið jafn mörg og nú. Stærri málum heldur áfram að fækka en þeim smærri að fjölga. Töluvert barst af tilkynningum um strandminjar í hættu á Hornströndum en þar ógnar sjávarágangur fjölmörgum minjastöðum. Eitt bátamál var á svæðinu þegar unnið var að því að koma eikarbátnum Fengsæl í var en hann hefur legið við ströndina á Langeyri í Súðavík um nokkurra ára skeið. Var niðurstaðan sú að Minja- og sögufélag Vatnsleysustrandar tiki bátinn að sér. Þá hélt vinna áfram við undirbúning friðlýsingar skrudgarðsins Skrudðs á Núpi í Dýrafirði og hélt starfsmaður Minjastofnunar erindi um þá vinnu á málstofu á Ísafirði.

Unnið var að fornleifaskráningu á nokkrum stöðum á svæðinu og voru þær flestar í tengslum við vegagerð og línulagnagerð. Helstu uppgreftir ársins á sunnanverðum Vestfjörðum voru framkvæmdarannsóknir vegna framkvæmda við vega- og brúargerð í Reykhólahreppi. Mjög merkilegar minjar hafa komið í ljós við þær framkvæmdir en klárað var að grafa upp landnámsskála og fjós í Gróunesi. Einnig fannst þar áður óþekktur kirkjugarður og kirkja frá frumkristni. Vísindarannsóknir frá fyrri árum héldu áfram á Vestfjörðum en um er að ræða rannsókn á strandminjum í Hvítsöndum sem er hluti af verkefninu *Landnám og auðlindanýting á Ströndum* og rannsókn á landnámsminjum á Auðkúlu.



Fornleifafraeðingar hjá Náttúrustofu Vestfjarða spá í jarðlögin á Auðkúlu í Arnarfirði.

Töluvert var af verkefnum tengdum húsvernd á Vestfjörðum. Voru þau flest hefðbundin í formi fyrirspurna, umsagna og leyfisveitinga til viðgerða og breytinga á friðuðum og umsagnarskyldum húsum.

Minjastofnun veitti Ísafjarðarbæ ráðleggingar vegna vinnu við tillögu að verndarsvæði í byggð fyrir Neðstakaupstað og Skutulsfjarðareyri en stefnt er á að þeirri vinnu ljúki næsta ár.

Norðurland vestra

Á minjasvæði Norðurlands vestra var líkt og fyrri ár að ýmsu að huga á sviði minjaverndar. Minjavörður fór í fjölda vettvangsferða, en meginþorri þeirra var í tengslum við framkvæmdir og skipulagsvinnu sem og viðgerðir og viðhald friðaðra og friðlýstra húsa. Þess utan voru farnar nokkrar ferðir til að huga að minjum sem eiga undir högg að sækja af náttúruvöldum, einkum landbrots af völdum sjávar.

Töluverður fjöldi fornleifaskráninga fór fram á minjasvæðinu, allar í tengslum við skipulagsvinnu eða framkvæmdir af einhverju tagi, s.s. vegna veituframkvæmda, vegagerðar og skógræktar. Nokkrir smærri fornleifauppgreftir fóru sömuleiðis fram í tengslum við framkvæmdir en einnig stærri fornleifauppgreftir í tengslum við rannsóknarverkefni. Af rannsóknarverkefnum má nefna byggðasögurannsókn í Hjaltadal í Skagafirði, *Hjaltadalur Archaeological Settlement Project* (HASP), rannsókn á svonefndu Koti í landi Hellulands í Hegranesi í Skagafirði, rannsókn á verminjum í landi Hafna í Skagabyggð og

áframhaldandi rannsókn á minjum Þingeyraklausturs sem er hluti af verkefninu *Klaustur á Íslandi*.



Hafnir á Skaga á leið í hafið.

Á sviði húsverndar er helst að nefna viðgerðir sem fram fóru á Viðvíkurkirkju og áframhaldandi vinnu við viðgerðir á Silfrastaðakirkju en kirkjan var flutt í heilu lagi á Sauðárkrók þar sem viðgerðir fara fram og sumarið 2023 stendur til að gera könnun á fornleifum undir grunni kirkjunnar. Þá voru hafnar viðgerðir á ytra byrði Villa Nova á Sauðárkróki sem er skrifstofa minjavarðar en ríkið tók við húsinu í fyrra og eru framkvæmdir á vegum Framkvæmdasýslunnar – Ríkiseigna. Suður- og austurhliðar hússins voru teknar fyrir árið 2022, ásamt gluggum og svölum og er stefnt á að klára hinar hliðar hússins á árinu 2023.

Norðurland eystra

Verkefni ársins á Norðurlandi eystra voru sem fyrr fjölbreytt og þau helstu snerta ráðgjöf og umsagnir varðandi skipulagsmál og framkvæmdatengd verkefni. Starfsmönnum Minjastofnunar fjölgaði á minjasvæðinu á árinu og því þurfti að leigja nýja skrifstofu, en hún er þó á sömu hæð og sú fyrri á Borgum við Norðurslóð 4 á Akureyri.

Á árinu voru gefin út átta leyfi fyrir fornleifarannsóknum á minjasvæðinu, þar af voru þrjár framkvæmdarannsóknir. Sú stærsta var í Grímsey en rannsaka þurfti svæðið þar sem byggja átti nýju kirkjuna eftir að sú gamla brann í september árið 2021. Rannsóknin varð víðameiri en lagt var upp með í byrjun en að lokum var hin nýja kirkja færð örlítið til svo að hlífa mætti minjum innan gamla kirkjugarðsins. Tvær stórar rannsóknir voru gerðar í Svarfaðardal og Hörgárdal, bæði *Tvíðæluverkefnið* og *Upphaf og lok seljabúskapar á Íslandi á árunum 800–1800*. Unnin voru fornleifaskráningarverkefni í tengslum við lagningu rafmagns og ljósleiðara á nokkrum stöðum á svæðinu sem og vegna fyrirhugaðs

deiliskipulags, skógræktar og vegagerðar, og einnig þriðji áfangi af fjórum af fornleifaskráningu í Fjörðum, Flateyjardal og Náttfaravíkum.

Á árinu var einnig töluvert um fyrirspurnir og beiðnir um ráðleggingar vegna friðaðra húsa á minjasvæðinu. Stærsta verkefnið á svæðinu er viðgerð kirkjunnar á Húsavík.



*Hraun í Öxnadal –
túngarður og gamlar
tóftir.*

Austurland

Árið 2022 var næst því að vera nokkuð eðlilegt eftir sérkennileg ár á undan sökum heimsfaraldurs. Minjavörður hafði tök á að hitta ýmsa aðila á ferðum sínum og fundarhald gat meira verið með eðlilegum hætti þó reynslan af fjarfundarbúnaði komi sér vel á jafn stóru minjasvæði og Austurland er. Það er lítið lát á framkvæmdaglegði hér eystra og verkefnið því næg fyrir minjavörð. Minjavörður færði sig um set á árinu en skrifstofa hans færðist á milli hæða í gamla húsinu Geysi á Djúpavogi þar sem fer vel um hann.

Verkefni ársins 2022 snerust eins og önnur ár að mestu um afgreiðslu skipulags- og framkvæmdamála. Minjavörður er duglegur að setja sig í samband við sveitarfélög og aðra aðila til að minna á mikilvægi þess að skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja sé lokið áður en framkvæmdir hefjast til að hægt sé að koma

í veg fyrir að þeim sé raskað af vangá. Að fá slík mál inn er ekki aðeins til verndar mögulegra minja innan framkvæmdarsvæðis heldur stuðla slík mál að auknum samskiptum minjavarðar við íbúa fjórðungsins og hafa ýmsar ábendingar um minjar sem ekki var vitað borist minjaverði. Minjavörður verður í kjölfarið meira áberandi og hefur tók á því að kynna sig og starfsemi sína fyrir fleirum.



Fjárborgin í Mjóafirði ásamt nýja skiltinu.

Fyrir utan afgreiðslu hinna ýmsu skipulags- og framkvæmdamála voru nokkur mál sem standa upp úr á árinu. Eitt þeirra var lok verksins við friðlýsta fjárborg í Mjóafirði. Árið 2021 var unnið að lagfæringu fjárborgarinnar en árið 2022 var lokið við að koma upp fræðsluskilti við hana. Ástand fjárborgarinnar var ein af fyrstu ábendingum sem núverandi minjavörður fékk eftir að hann hóf störf og var því virkilega ánægjulegt að sjá lok þessa verkefnis, en það var unnið með styrk úr Innviðasjóði. Ekki eru allar ábendingar þó þess eðlis að það þurfi að laga eða bjarga minjum. Stundum eru ábendingar þess efnis að grunur sé um minjar. Ein slík ábending barst frá Djúpavogi þar sem íbúi hafði komið auga á mögulegar minjar við Búlandshöfn.

Fyrir utan tvær stórar rannsóknir, framkvæmdarannsóknina við Fjörð í Seyðisfirði og vísindarannsóknina Stöð í Stöðvarfirði, voru ýmsar aðrar minni unnar hér eystra á árinu. Voru flestar þeirra gerðar vegna fyrirhugaðra framkvæmda en ein rannsókn var gerð með styrk úr fornminjasjóði en það var könnun á fundarstað rómverskra peninga við Bragðavelli í Hamarsfirði. Sá fundur hefur vakið athygli aðkomufólks, heimamanna og fræðimanna og því ánægjulegt að þarna hafi gefist færi á skoða svæðið nánar. Nýtt tilraunaverkefni hófst í Fljótsdal þar sem unnið var að skráningu búsetuminja með þrívíddartækni. Starfsfólk Minjastofnunar hefur verið fulltrúum þess verkefnis innan handar.



Upphlaðinn vegur í Nesjahverfi í Hornafirði sem var skoðaður á vettvangi af minjaverði í tengslum við deiliskipulag á Seljavöllum 2.

Minjaráð Austurlands náði aðeins að funda einu sinni á árinu þrátt fyrir að hafa haldið dampi í gegnum heimsfaraldurinn.

Suðurland

Árið 2022 var að mestu laust við kófið þrátt fyrir að smit væru enn í umferð í upphafi árs. Plágan setti þó ekki mark á starfsemi Minjastofnunar að neinu ráði samanborið við árin tvö á undan. Skipulagsmál komu á okkar borð á Suðurlandinu eins og venja er í miklu magni. Greinilegt er að fjöldi skipulagsmála eykst frá ári til árs sem er gott en kallar að sama skapi á meiri vinnu þannig að svigrúm til annarra verka er af skornum skammti. Heldur virðist vera að hægja á ljósleiðaravæðingu á Suðurlandi. Uppbygging innviða á ferðamanna- og minjastöðum heldur áfram hægt en örugglega. Fornleifaskráning sjálfstætt starfandi fornleifafraeðinga fyrir sveitarfélög, fyrirtæki stór og smá tosast áfram.

Fornleifarannsóknir voru nokkrar á Suðurlandi að sumrinu og voru rannsakendur heimsóttir að því tilefni. Unnið var við undirbúning að framkvæmdum við lagfæringar á skýlinu yfir rústunum á Stöng í Þjórsárdal og situr minjavörður í samstarfshópi um málefni dalsins með fulltrúum Umhverfisstofnunar, sveitarfélagsins og skógræktarinnar.

Utan lögbundinna starfa héldu minjaverðir fund á Hofstöðum í Mývatnssveit þar sem farið var yfir sameiginleg málefni. Grafnir voru prufuskurðir við Stöng í Þjórsárdal, Steinskipið dularfulla í Mýrdal rannsakað á vettvangi og jarðvegsborað í meintan vikingaaldarskála í Laugarási. Minjavörður var í hópi rannsakenda á friðlýstum minjum á Bergstöðum í Þjórsárdal.

Má svo segja að sumarvertíðinni hafi verið lokið með bravúr því starfsmenn Minjastofnunar skelltu sér í náms- og skemmtiferð til Rómar í október.



*Steinskipið svokallaða á
Fagradalsheiði í Mýrdal.*

Úthlutanir úr sjóðum

Úrvinnsla umsókna í fornminjasjóð og húsafriðunarsjóð fór fram í byrjun árs og var tilkynnt um úthlutanir úr húsafriðunarsjóði 12. mars og úr fornminjasjóði 25. mars. Í fyrsta sinn var notast við rafrænt umsóknakerfi fyrir umsóknir í sjóðina. Eyðublöð voru sett upp á síðu Stafræns Íslands og mæltist breytingin að mestu vel fyrir hjá notendum þótt nokkurra byrjunarörðugleika yrði vart í kerfinu.

Fornminjasjóður

Vegna styrkúthlutunar árið 2022 var auglýst eftir umsóknum 15. nóvember 2021. Umsóknarfrestur átti upphaflega að renna út 10. janúar 2022 en var framlengdur til 24. janúar vegna viðbótarfjármagns til sjóðsins á aukafjárlögum, en með því fylgdi áhersla á minjar í hættu vegna náttúruvárs. Auglýst var í dagblöðum, á heimasíðu og Facebook-síðu stofnunarinnar. Í fyrsta sinn var sótt um með rafrænum hætti í gegnum Stafrænt Ísland. Alls bárust 78 umsóknir um styrki úr fornminjasjóði árið 2022 og sótt var um samtals 211 milljónir króna. Veittir voru 33 styrkir og úthlutað samtals 66.750.000 kr. Að auki var úthlutað styrk til einnar rannsóknar samkvæmt ákvörðun fjárlaganefndar með sérstöku framlagi. Sú styrkveiting fór ekki í hefðbundið umsagnarferli hjá fornminjanefnd og Minjastofnun. Rekstrarreikning sjóðsins má sjá í kaflanum fjármál.

Allar umsóknir sem berast eru lagðar fyrir fornminjanefnd sem skilar um þær umsögn og gefur þeim einkunn. Ekki var hægt að styrkja fjölda góðra umsókna í ár en alls töldust 80% umsóknanna styrkhæfar. Umsóknir eru metnar á skalanum 0–15 og eru allar umsóknir með 10 eða herra í einkunn (og a.m.k. 3 í hverjum hinna þriggja matsskala, sem hver um sig er metinn 0–5) styrkhæfar. Við ákvörðun Minjastofnunar um úthlutun styrkja er tekið tillit til umsagna og mats fornminjanefndar.

Tafla 1. Úthlutanir úr fornminjasjóði. Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	% styrkt	Fornleifa-uppgróftur (og úrvinnsla)	Fornleifa-skráning	Rannsóknir á forngripum	Miðlun	Varðveisla og viðhald	SAMTALS STYRKIR
Reykjavík og nágrenni	1	1	100%	1					3.500
Reykjanes	3	1	33%	1					3.050
Vesturland	13	5	38%	2	2			1	9.040
Vestfirðir	9	3	33%	1				2	5.250
Norðurland vestra	5	2	40%	1	1				3.920
Norðurland eystra	14	6	43%	2	3			1	13.420
Austurland	6	3	50%	2	1				4.660
Suðurland	14	7	50%	3	3	1			16.070
Allt landið/fleiri en eitt minjasvæði/óstaðbundið	13	5	38%	1	1	1	2		7.840
Samtals	78	33		14	11	2	2	4	66.750
Fornleifauppgróftur	29	14	48%						
Fornleifaskráning	21	11	52%						
Miðlun	5	2	40%						
Rannsóknir á forngripum	8	2	25%						
Varðveisla/viðhald menningarminja	15	4	27%						
Samtals	78	33							

Húsafriðunarsjóður

Tekjur húsafriðunarsjóðs eru annars vegar framlag ríkissjóðs, sem kveðið er á um í fjárlögum, og hins vegar framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem nemur 150 kr. á hvern íbúa landsins í upphafi árs.

Auglýst var eftir umsóknum vegna styrkúthlutunar 2022 þann 15. október 2021 og rann umsóknarfrestur út 1. desember 2021. Auglýst var í dagblöðum og héraðsfréttablöðum um land allt. Alls bárust 285 umsóknir um styrk úr húsafriðunarsjóði árið 2022. Veittir voru styrkir til 242 verkefna. Úthlutað var 300.000.000 kr., en sótt var um ríflega 1,2 milljarða króna. Rekstrarreikning sjóðsins má sjá í kaflanum Húsafriðunarsjóður – rekstrarreikningur.

Allar umsóknir sem berast eru lagðar fyrir húsafriðunarnefnd sem skilar um þær umsögn og gefur þeim einkunn, þar sem m.a. er lagt mat á varðveislugildi mannvirkis, gæði umsóknar, mikilvægi verkefnis og framlag umsækjanda. Við ákvörðun Minjastofnunar Íslands um úthlutun styrkja er tekið tillit til umsagna og mats nefndarinnar.

Tafla 2. Úthlutanir úr húsafriðunarsjóði 2022. Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	Friðlýstar kirkjur	Friðlýst hús	Friðuð hús og mannvirki	Önnur hús og mannvirki	SAMTALS STYRKIR
Höfuðborgarsvæðið og Reykjanesskagi	67	63	7.700	28.500	36.850	12.400	85.450
Vesturland	30	24	6.150	7.100	16.750	0	30.000
Vestfirðir	48	41	5.400	10.350	15.950	3.100	34.800
Norðurland	59	51	28.600	8.300	32.900	2.600	72.400
Austurland	40	31	3.950	3.350	22.250	2.000	31.550
Suðurland	31	22	10.050	13.900	6.700	850	31.500
SAMTALS	275	232	61.850	71.500	131.400	20.950	285.700
Byggða- og húsakannanir	3	3					5.200
Rannsóknir og önnur verkefni	7	7					9.100
SAMTALS	285	242	61.850	71.500	131.400	20.950	300.000

Nánari upplýsingar um úthlutun ársins 2022 má finna á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, hér: [Húsafriðunarsjóður](#) | [Minjastofnun](#).

Fjármál

Minjastofnun Íslands – rekstrarreikningur

Rekstrarafkoma Minjastofnunar Íslands árið 2022 var jákvæð um kr. 42.724.694. Höfuðstóll eigin fjár var í árslok jákvæður um kr. 36.636.862.

Framlag ríkissjóðs til reksturs Minjastofnunar var kr. 324.800.000. Undir liðnum framlög og ýmsar tekjur eru tekjufærðir styrkir sem Minjastofnun hefur fengið til að vinna hin ýmsu verkefni, bæði í tengslum við landsáætlun um uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum og fleiri samstarfsverkefni.

Stærstur hluti rekstrarafgangs og jákvæðs höfuðstóls var vegna sérstakra framlaga/styrkja til að vinna ákveðin verkefni sem náðist ekki að hefja á árinu 2022. Kostnaður við þessi verkefni mun ekki falla til fyrr en á árinu 2023 svo höfuðstóll var fluttur yfir á árið 2023.

Tafla 3. Rekstrarreikningur Minjastofnunar Íslands fyrir árið 2022.

Rekstrarreikningur 2022		
Minjastofnun Íslands		
Tekjur		
Tekjufærsla fjárveitinga		324.800.000
Framlög og ýmsar tekjur		80.353.107
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		10.356.209
	Tekjur samtals	415.509.316
Gjöld		
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		274.914.098
Framlög og tilfærslur		0
Annar rekstrarkostnaður		87.514.315
Afskriftir		10.356.209
	Gjöld samtals	372.784.622
	Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði	42.724.694
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(-95.644)
	Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	(-95.644)
	Afkoma ársins	42.629.050
Eigið fé		
Höfuðstóll í upphafi árs		(-5.992.188)
Afkoma ársins		42.629.050
Höfuðstóll í árslok		36.636.862

Fornminjasjóður – rekstrarreikningur

Rekstrarafkoma fornminjasjóðs á árinu 2022 var jákvæð um kr. 1.764.355. Að teknu tilliti til höfuðstóls sem fluttur var frá fyrra ári var höfuðstóll sjóðsins í árslok 2022 jákvæður um kr. 7.084.919 og var hann fluttur yfir á árið 2023. Umfjöllun um styrkúthlutanir úr sjóðnum má finna í kaflanum um fornminjasjóð.

Tafla 4. Rekstrarreikningur fornminjasjóðs fyrir árið 2022.

Rekstrarreikningur 2022		
Fornminjasjóður		
Tekjur		
Tekjufærsla fjárveitinga		83.600.000
Framlög og ýmsar tekjur		3.000.000
	Tekjur samtals	86.600.000
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld		4.070.511
Framlög og tilfærslur		78.700.000
Annar rekstrarkostnaður		2.063.949
	Gjöld samtals	84.834.460
	Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði	1.765.540
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(-1.185)
	Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	(-1.185)
	Afkoma ársins	1.764.355
Eigið fé		
Höfuðstóll í upphafi árs		5.320.564
Afkoma ársins		1.764.355
Höfuðstóll í árslok		7.084.919

Húsafriðunarsjóður – rekstrarreikningur

Rekstrarafkoma húsafriðunarsjóðs á árinu 2022 var jákvæð um kr. 5.715.656. Að teknu tilliti til höfuðstóls sem fluttur var frá fyrra ári var höfuðstóll sjóðsins í árslok 2022 jákvæður um kr. 18.440.317 og var hann fluttur yfir á árið 2023.

Undir liðnum framlög og ýmsar tekjur er framlag sveitarfélaga til sjóðsins sem greiðist úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga ár hvert og er kr. 150 á hvern íbúa í upphafi árs. Umfjöllun um styrkúthlutanir úr sjóðnum má finna í kaflanum um húsafriðunarsjóð.

Tafla 5. Rekstrarreikningur húsafriðunarsjóðs fyrir árið 2022.

Rekstrarreikningur 2022		
Húsafriðunarsjóður		
Tekjur		
Tekjufærsla fjárveitinga		209.100.000
Framlög og ýmsar tekjur		56.437.200
	Tekjur samtals	265.537.200
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld		1.649.847
Framlög og tilfærslur		254.826.000
Annar rekstrarkostnaður		3.345.697
	Gjöld samtals	259.821.544
	Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði	5.715.656
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(-9.356)
	Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	(-9.356)
	Afkoma ársins	5.706.300
Eigið fé		
Höfuðstóll í upphafi árs		12.734.017
Afkoma ársins		5.706.300
Höfuðstóll í árslok		18.440.317